


AFSTÖÐUMYND m = 1:500

| STÆRÐIR | | brúttóflötur | brúttórúmmál |
|---|---|---|---|
| 0101 | Íbúð | 71,0 m² | 198,8 m³ |
| 0102 | Íbúð | 45,0 m² | 126,0 m³ |
| 0103 | Íbúð | 45,0 m² | 126,0 m³ |
| 0104 | íbúð | 46,3 m² | 129,6 m³ |
| | íbúðir samtals: | 207,3 m² | |
| 0105 | Þakrými | 238,1m² | 158,9 m³ |
| | rúmmál samtals: | | 780,8 m³ |

BYGGINGAR Á LÓÐ

| | |
|---|---|
| Íbúðir 1-5 og sameiginl. rými: | 281,4 fm |
| íbúðir 6-9: | 207,3 fm |
| byggingar á lóð alls: | 488,7 fm |

FLATARMÁL LÓÐAR: 3.380 fm
NÝTINGARHLUTFALL Á LÓÐ: 0,145

Uppfylltar eru kröfur varðandi kólnunartölur og einangrun einstakra byggingarhluta U-gildi:

| Byggingarhluti | ÚTREIKN. TÖLUR W/m² K | KRÖFUR |
|---|---|---|
| Útveggir | 0,25 ( 150 mm steinull) | 0,30 |
| Þak | 0,19 ( 200 mm þakull) | 0,20 |
| Gólf | 0,25 ( 100 mm plasteinangrun) | 0,30 |
| Gluggar (k-gler) | 2,00 (Tvöfalt k-gler) | 2,00 |
| Hurðir | 3,00 ( 35 mm gegnheill viður) | 3,00 |

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
03. okt. 2018
Byggingarfulltrúi

## UMSÓKN

Staðgreinir: 8721-1-40000010

Sótt er um að byggja einnar hæðar raðhús úr timbri á "Friðheimalóð 1" í landi Friðheima, Reykholti, Bláskógabyggð. Í húsinu verða 4 stafsmannaíbúðir.
Í vesturenda núverandi raðhúss er sameiginlegt rými, þvottahús, og inntök fyrir rafmagn, heitt og kalt vatn. Það rými og inntök nýtast einnig nýbyggingu sem hér er sótt um. Geymslurými er í skápum íbúða auk þess sem önnur geymsluúrræði standa íbúum til boða á svæðinu. Bílastæði eru handan aðkomuvegar heim að Friðheimum. Sorpgeymsla er við aðkomuveg.

## BYGGINGARLÝSING

UNDIRSTÖÐUR, GÓLF
Sökklar og botnplata eru úr steinsteypu. Undir botnplötu og innan á sökkla er einangrað með 100 mm þykkri, raka- og þrýstiþolinni plasteinangrun.

ÚTVEGGIR og VEGGIR MILLI ÍBÚÐA
Útveggir: timburgrind 145x45 mm, einangrað með 150 mm þykkri steinullareinangrun. Grind er klædd að utan með 10 mm rakaþolnum krossvið. Utanhússsklæðning er báruð, lituð málmklæðning og timbur, klæðningin er loftræst og fest á lektur úr timbri. Að innan er rakavarnarlag, grind fyrir lagnir og klætt með gips- og/eða spónaplötum.
Veggir milli íbúða: Tvöföld 70 mm stálgrind með 10 mm millibili c/c 600 mm einangrað með 150 mm steinullareinangrun klætt með 2x13 mm gipsplötum á báðum hliðum, hljóðeinangrunargildi a.m.k. 55 dB.

ÞAK
Burðarvirki þaks eru kraftsperrur úr timbri. Þak er klætt að ofan með 25 mm þykkri borðaklæðningu, þakpappa og báraðri málmklæðningu. Einangrað er við neðri brún sperra með 200 mm þykkri steinull með vindpappa, útloftunarrými er ofan einangrunar. Neðan sperra er rakavarnarlag, timburgrind og klætt að neðan með gips- eða spónaplötum.

GLUGGAR
Gluggar eru timburgluggar. Gler er tvöfalt einangrunargler, K-gler.

INNVEGGIR
Innveggir eru úr stál- eða timburgrind, klæddir með gips- og/eða spónaplötum og einangraðir með 100 mm steinull.

KLÆÐINGAR INNANHÚSS
Allar klæðningar innanhúss í íbúðum eru a.m.k. í flokki 2.

HITAKERFFI
Hitaveita er í húsinu, sameiginlegt inntak er í vesturenda núverandi húss. Hitalagnir eru í gólfum, stýribúnaður í hverri íbúð.

LOFTRÆSING
Í gluggalausum rýmum er vélræn loftræsing með útloftunarristum í útvegg.

FRÁRENNSLI
Frárennsli mun í nánustu framtíð tengjast sameiginlegri fráveitu í Reykholti, en þangað til það verður er komið fyrir rotþró og sitrulögn.

ÖRYGGISMÁL
Berandi veggir, sperrur og bitar uppfylla kröfur um RE60.
Veggir milli íbúða ná upp að þakklæðningu uppfylla kröfur um EI90.
Björgunarop eru sýnd á teikningum.
Reykskynjarar eru í stofum og svefnherbergjum.
Handslökkvitæki eru í öllum íbúðum.
Styrktur jarðvegur er undir aðkomu stökkviliðs.

| BREYTING: | DAGS: |
|---|---|
| C: veggir milli íbúða úr timbri sbr. byggingarlýsingu, | 30.01.2019 |
| B: veggir milli íbúða úr steinsteypu, | 30.08.2018 |
| A: bygg.lýsingu breytt, sýnd aðkoma slökkviliðs og frárennsli, | 30.07.2018 |

1657-19

# FRIÐHEIMAR

VERK: REYKHOLTI, BLÁSKÓGABYGGÐ

TEIKNING: LEIGUÍBÚÐIR 6-9, aðalteikning

EFNI: afstöðumynd

MKV: 1:500 TEIKN: RA YFIRF: RA

DAGS: 10.07.2018 NR: 360-01C

UNDIRSKRIFT: Reynir Adamsson KT: 240448-2469


ADAMSSON ehf - arkitektastofa
Lundur 19 - 200 Kópavogur - sími: 551 1300
netfang: adamsson@simnet.is
Reynir Adamsson arkitekt fai / fssa